

Uppdr. Nr.
5348

Sveitarfélag
0000

Undirnúmer
621

Dagsetning
11.04.2003




**SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ REYKJAVÍKUR
UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐ REYKJAVÍKUR
RAUÐHÓLL EHF**

NORÐLINGAHOLT



GREINARGERÐ OG SKILMÁLAR

Meðfylgjandi er: Deiliskipulagsuppráttur dags. 10.02.2003. Síðast br: Maí 2003 og
Skýringaruppráttur dags. 10.02.2003. Síðast br: Maí 2003.



Tark

TEIKNISTOFAN ehf ARKITEKTAR
BRAUTARHOLTI 6 105 REYKJAVÍK

FEBRÚAR 2003
SÍÐAST BR: MAÍ 2003

1	FORMÁLI.....	3
2	NORDLINGAHOLT.....	4
2.1	Staðsetning og afmörkun.....	4
2.2	Eignarhald	4
3	STADHÆTTIR, ADSTÆDUR.....	5
3.1	Jarðfræði, (samantekt úr jarðgrunnskönnun Hönnunar hf. júni 2001)	5
3.2	Gróður	5
3.3	Náttúrufar	5
3.4	Vatnsverndarsvæði	6
3.5	Flóðasvæði.....	6
3.6	Veðurfar.....	7
3.7	Núverandi byggð	7
3.8	Hljóðvist	7
3.9	Frárennslí.....	8
3.10	Áhrif ákomu næringarefna	8
4	SKIPULAG, MARKMIÐ.....	9
4.1	Meginmarkmið	9
4.2	Fjöldi íbúða.....	9
4.3	Nálæg byggð – skólar – þjónusta og leiksvæði	9
4.4	Gatnakerfi og gangstígar	10
5	SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI	10
5.1	Hönnun mannvirkja.....	10
5.2	Mæli- og hæðarblöð	10
5.3	Almennir úthlutunarskilmálar	10
5.4	Aukaibúðir.....	10
5.5	Úthlutun – húsgerðir yfirlit.....	11
5.6	Húsagerðir – yfirbragð húsa.....	11
5.7	Byggingarreitir	11
5.8	Bundin byggingarlína:.....	12
5.9	Bilageymslur:	12
5.10	Frágangur lóða:.....	12
5.11	Sorp	12
5.12	Sameiginleg opin svæði.....	13
5.13	Skógarlundur	13
5.14	Stígar og gangstéttar	13
5.15	Gróðursetning	13
5.16	Sprungur	13
5.17	Hljóðvist	14
5.18	Fornminjar	14
5.19	Hverfisvernd (svæði afmarkað á þemakorti).....	14
6	TVÍBÝLISHÚS T2. Lindarvað 1-21, Lækjarvað 1-25.....	15
6.1	Sérákvæði	15
7	FJÖLBÝLISHÚS	16
7.1	Almenn atriði fyrir F3-05, F3-06, F3-07, F4-01.....	16
7.1.1	Fjölbýlishús F3-05 Sérákvæði. Ferjuvað 13-17, Bjallavað 1-5 og 13-17.....	17
7.1.2	Fjölbýlishús F3-06 Sérákvæði. Sandavað 9-15.....	17
7.1.3	Fjölbýlishús F3-07 Sérákvæði. Reiðvað 1-7	17
7.1.4	Fjölbýlishús F4-01 Sérákvæði. Ferjuvað 1-5, Selvað 1-11, Sandavað 1-5.....	17
7.2	Almenn atriði fyrir F3-08. Rauðavað 1-11 og 13-25.....	18
8	PUNKTHÚS Fjölbýli	19
8.1	Sérákvæði fyrir F3-09. Ferjuvað 7-11 og Bjallavað 7-11.....	19
9	RADHÚS OG PARHÚS	20
9.1.1	Almenn atriði fyrir R2-02 OG P2. Elliðavað 1-17, Búðavað 1-23.....	20
9.1.2	Raðhús R2-02 sérákvæði. Elliðavað 1-17.....	20
9.1.3	Parhús P2 sérákvæði. Búðavað 1-23	20
10	EINBÝLISHÚS.....	21
10.1	Sérákvæði fyrir E1. Þingvað 1-35. Móvað 1-49.....	21

NORDLINGAHOLT – SKIPULAGSSKILMÁLAR

11	KEDJUHÚS	22
11.1	Sérákvæði fyrir K2. Þingvað 37-83.....	22
12	ATVINNUHÚSNÆÐI. ATVINNUSVÆÐI.....	23
12.1	Almenn atriði fyrir A3-01, A3-02, V2-01, V1-01 og B1-01.....	23
12.1.1	Atvinnuhúsnaði A3-01 sérákvæði. Norðlingabraut 4-10.....	23
12.1.2	Hverfismiðstöð, verslunarhús, V2-01 sérákvæði. Norðlingabraut 2, Árvað 1.....	24
12.2	Bensinstöð B1-01. Elliðabraut 2.....	24
12.3	Veitingar / þjónusta V1-01 sérákvæði. Elliðabraut 14.....	24
12.4	Atvinnuhúsnaði / þjónustuhús A3-02. Elliðabraut 4-12.....	25
13	STOFNANIR. Árvað 2-3, Sandavað 7.....	26
13.1	Almenn atriði fyrir S2-01, L1-01 og L1-02.....	26
13.1.1	Skóli S2-01 sérákvæði. Árvað 3.....	26
13.1.2	Leikskóli L1-01 Sérákvæði. Sandavað 7.....	26
13.1.3	Leikskóli-L1-02 sérákvæði. Árvað 2.....	27
14	Tæknibyggingar. SI og SP.....	27
14.1.1	Símstöð SI, og lóð fyrir endurvinnslugáma E. Norðlingabraut 1-3.....	27
14.1.2	Spennistöð SP.....	27
15	Samantekt á tölulegum upplýsingu	28
15.1	Stærð svæðis.....	28
15.2	Fjöldi og gerð ibúða	29
15.3	Skipting ibúða eftir stærðum	29
15.4	Atvinnu-og þjónustuhúsnaði.....	29
15.5	Heildaryfirlit yfir ibúðarhúsnaði og lóðir	30
15.6	Heildaryfirlit yfir atvinnuhúsnaði og lóðir	30
15.7	Heildaryfirlit yfir verslunar- og þjónustuhúsnaði og lóðir	31
15.8	Heildaryfirlit yfir stofnanir og lóðir.	31



1 FORMÁLI

Fyrirliggjandi deiliskipulag er unnið af T.ark. Teiknistofan ehf-Arkitektar, Brautarholti 6. fyrir Reykjavíkurborg og Rauðhól ehf., sem gert hafa með sér samkomulag um skipulag og þróun byggðar í Norðlingaholti.

Í því samkomulagi segir m.a:

"Meginmarkmið við gerð skipulags fyrir svæðið er að mæta eftirspurn fyrir byggingarlóðir í Reykjavík með því að þráða þar aðlaðandi og eftirsóknarverða byggð sem tekur mið af landkostum í Norðlingaholti og þeirri staðreynd að svæðið verður í beinum tengslum við útivistarsvæði og ósnortma náttúru, samhlíða því að ná fram sem bestri nýtingu svæðisins og skapa þannig hagstæðar fjárhagslegar forsendur uppbyggingar og rekstrar."

Í svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið er reiknað með að íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgum 60 þúsund til ársins 2024.

Til að mæta þessari aukningu er reiknað með að þörf verði fyrir um 32 þúsund nýjar íbúðir, og gengið er út frá því að um 25 þúsund þeirra verði byggðar á nýjum byggingarsvæðum.

Aðalskipulag Reykjavíkurborgar 2001-2024 gerir ráð fyrir að Norðlingaholt verði byggt upp sem blandað íbúða- og atvinnusvæði á árunum 2002 – 2008. Þar er reiknað með að íbúðafjöldi verði 1000 (-10%/+20%) og hæðir húsa frá einni upp í sex.

Skipulagsforsögn fyrir hverfið var samþykkt í júlímanuði 2001 og hefur hún, ásamt meginforsendum í Aðalskipulagi Reykjavíkur, legið til grundvallar við gerð deiliskipulagsins. Í júlímanuði 2002 var deiliskipulagstillaga sem byggði á ofangreindu auglýst til formlegrar kynningar, og skyldi athugasemdu við hana skilað fyrir 14. ágúst 2002. Í þeirri tillögu var gert ráð fyrir 1050 – 1105 íbúðum, auk þjónustubygginga og atvinnuhúsnæðis.

Tillagan fékk umtalsverða athygli og umfjöllun, og var því ákveðið að fram lengja skilafrest athugasemda til 28. ágúst. Haldinn var sérstakur kynningarfundur í Selásskóla hinn 26. ágúst, þar sem helstu hagsmunaaðilum gafst færí á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Við lok athugasemdafrests hinn 28. ágúst lá fyrir nokkur fjöldi athugasemda, sem einkum luttu að hæð íbúðarhúsa og útsýnisskerðingu, þéttleika byggðarinnar og nálægð byggðar að Elliðavatni og ánni Bugðu.

Það deiliskipulag sem nú liggar fyrir tekur mið af þeim athugasemdu sem bárust. Helstu breytingar fela í sér flækkun íbúða og minni þéttleika en áður var gert ráð fyrir, húsahæð var lækkuð til að mæta athugasemdu um útsýnisskerðingu, og gerðar hafa verið breytingar sem taka mið af helgunarsvæði Bugðu, sem og aðlögun byggðar að Elliðavatni. Þessar breytingar hafa m.a. leitt til annarrar samsetningar væntanlegrar byggðar og hlutur sérbýlis hefur aukist.

Að lokinni auglýsingi var ákveðið að fresta norðaustur hluta svæðisins. Í tengslum við gatnahönnun og m.t.t breyts eignarhalds og nákvæmari uppmælingu á svæðinu er ákveðið að skoða nánar legu sprungna og fornminja.

Fylgigögn s.s flóðakort, hljóðkort og skuggavarp sem eru aftast í heftinu miða við áður auglýst skipulag. Umrædd gögn verða uppfærð fyrir auglýsingi á því svæði sem frestast núna.

2 NORÐLINGAHOLT

2.1 Staðsetning og afmörkun.

Svæðið er staðsett austan Seláshverfis. Það afmarkast af Breiðholtsbraut í vestur, Suðurlandsvegi í norður, ánni Bugðu og Rauðhólum í austur og Elliðavatni í suður. Svæðið handan árinnar er friðlýst sem fólkvangur og er hluti Rauðhólaþólkvangs. Deiliskipulagi er frestað á hluta svæðisins.

Aðkomur að svæðinu eru um Breiðholtsbraut og Suðurlandsveg.

Suður- og austurhluti Norðlingaholts er jaðarsvæði í borginni, útvörður byggðar í austur og í góðum tengslum við almenn útivistarsvæði, friðlýst náttúrusvæði (Rauðhólaþólkvangur) og vatnsverndarsvæði. Í suður er Elliðavatn, í austur Bugða, Rauðhólar og Heiðmörk, í vestur Elliðaárdalur og Rauðavatn og Hólmsheiði í norður.

Landið er að mestu flatlent en hallar lítillega til suðausturs. Það er í u.p.b. 77 - 88 m hað yfir sjávarmáli. Viðsýni er frá svæðinu yfir Rauðhóla, Heiðmörk og til Bláfjalla. Á syðsta og austasta hluta svæðisins er skipulagi frestað. (Sjá uppdrátt)

Heildarstærð svæðisins er um 60,5 ha lands.

2.2 Eignarhald

Norðlingaholt hefur um langt skeið skipst í talsverðan fjölda landspilda og skika í eigu fjölmargra aðila. Í dag skiptist landið í u.p.b 80 eignarhluta sem eru allt frá liðlega 2000 fermetrum að stærð og upp í um 7 ha.

Reykjavíkurborg og Rauðhóll ehf. eiga rúmlega 80% hluta svæðisins. Enn er því nokkur hluti svæðisins í eigu annarra aðila.

Í samningi Reykjavíkurborgar og Rauðhóls ehf. er gert ráð fyrir að landið komist að mestu í eigu samningsaðila.

Á svæðinu er töluvert um geymslu- og gripahús, verkstæði og gamla sumarbústaði. Heilsársbúseta hefur verið í nokkrum húsum, án þess að þau hafi verið samþykkt sem íbúðarhús af skipulagsfyrvöldum. Þetta húsnæði mun allt víkja af svæðinu, þó mun einstaka hús í jaðri svæðis e.t.v. standa áfram þar til annað verður ákveðið.

Á árinu 1994 voru unnin drög að deiliskipulagi fyrir svæðið í samstarfi við þáverandi landeigendur, en sú tillaga hlaut aldrei formlega afgreiðslu og var lögð til hliðar.

3 STAÐHÆTTIR, AÐST/ÆÐUR

3.1 Jarðfræði, (samantekt úr jarðgrunnskönnum Hönnunar hf. júní 2001)

Jarðlög

Í berggrunni Norðlingaholts er viðast hvar grágryti, sömu gerðar og finnst viðast hvar á Reykjarykkursvæðinu. Aldur þessa bergs er talinn vera um 200.000 ára, enhraun austan Bugðu, þar sem Rauðhólar eru, er talið um 4700 ára. Það er talsverður aldursmunur á bergi beggja vegna Bugðu. Á isöld eða fyrir meira en 10.000 árum síðan svarf jökullberg á svæðinu og þegar jökullinn hörfði skildi hann efst sig jökulruðning. Þykkt jökulruðnings er mjög breytileg frá einum stað til annars, sums staðar aðeins þunnt skæni en annars staðar meira en 2 metrar að þykkt. Leynst geta því á svæðinu dældir og djúpar skvompur fylltar jökulruðningi.

Fyrri rannsóknir bentu til þess að þekja lausra jarðefna væri að jafnaði frekar þunn á svæðinu. Athugamir nú sýna að þykkt lausra jarðefna er mjög breytileg. Dýpt á fast, klöpp eða hardan jökulruðning er oft um 2m, nema í einstaka dældum milli klapparkolla og í sprungulægðum. Þykktar moldarjarðvegs var oft 0,5-1,0 m.

Sprungur

Í Norðlingaholti voru augljós merki um sprunguhreyfingar að finna í lausum jarðlögum í nokkrum stöðum. Mjög greinileg hreyfing hefur verið um sprungu austast á svæðinu, þar sem mold hafði hnökast um meira en metra og mikil vatnsinnstreymi var um sprunguna. Þessi sprunga er "virk" og verður að sneiða framhjá henni við ákvörðun á staðsetningu bygginga. Á nokkrum stöðum fundust sprungur í berggrunni en engin merki um hreyfingu yngri jarðlaga yfir þeim. Því er dregin sú ályktun að ekki þurfi að hafa miklar áhyggjur af sprunguhreyfingum á þeim stöðum.

Þó ekki sé búist við miklu hreyfingu um sprungufleti geta sprungur gjökt og sprungufletir mishreyfst. Fordast ber að grunda mannvirkni á sprungu austast á svæðinu (eins og áður nefnt) sem er mjög virk. Þar hefur orðið hreyfing og mikil vatnsrennsli er um sprunguna. Fyrir sprungur vestar er hægt að beita sértækum lausnum til að draga úr áhrifum jarðskjálfta. Lausn gæti til deemis falist í því að grunda mannvirkid á malarfyllingu.

3.2 Gróður

Svæðið er gróið, sumsstaðar eru tún, annarsstaðar móar og myrlendi. "Viða eru trjálundir við hús, sumir allvöxtulegir. Nokkrir þeirra lenda á grænum svæðum en margir lenda inn á lóðum. Er það ósk garðyrkjudeildar Reykjavíkurborgar að sem flestir lóðarhafar sjái sér hag í því að halda einhverjum sé það hægt. Skógrekt hefur verið stunduð alllengi í skógarlundinum og trén orðin vöxtuleg. Plantað hefur verið ýmsum tegundum, m.a. töluvart af greni og furu. Trén standa viða nokkuð þétt og þyrfti að grisja en mikil er af rjóðrum þar sem ekki hefur verið plantað samfellt i lundinn. Rjóðrin auka mjög gildi lundarins þar sem annar gróður verður miklu fjölbreyttari og trjágróðurinn hefur fyrir vikið fengið meira rými til að vaxa og dafna." (innskot frá garðyrkjudeild Reykjavíkurborgar)

Við skipulagsvinnuna hefur verið leitast við að varðveita heillegan gróður. Skógarlundurinn, sunnarlega á svæðinu mun varðveittur.

3.3 Náttúrusar

Við ána Bugðu er gróskumikið votlendi, sem er á náttúruninjaskrá. (sjá nánar skýrslu Náttúrusar í austurlandi Reykjavíkur, maí 1996 unnin af Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir Reykjavíkurborg)

Úrdráttur úr kafla 3 í fyrrnefndri skýrslu náttúrufræðistofnunnar.

"Um miðja síðustu öld reis byggð á Norðlingaholti. Um tíma var rekin smábúskapur á svæðinu en nú halda menn þar einungis hross. Þessi landnýting hefur sett mark sitt á gróðurfar holtsins. Sunnanlega í holtinu er sumarhúsasvæði sem hefur verið friðað fyrir beit lengi. Viða er kominn upp samfelltur skógur. Mófuglar einkenna fuglalífið á holtumum en votlendisfuglar Bugðu og myrrarnar umhverfis hana. Áin og bakkar hennar eru viðkvæmt svæði. Áin hefur þá náttúru að flæða yfir bakka sina í leysingum og fer þá yfir allstórt svæði, með sér flytur vatnið næringu sem er undirstaða gróskunnar. Saman mynda Rauðhólasvæðið og votlendið eina sérstæða náttúrufarslega heild og þess vegna mikilvægt að svæðið fái að njóta sin óbreytt og þar fari ekki fram nein ræktun.

Á byggingarsvæðinu sjálfu getur gróðurfarið vart talist sérstakt eða einstakt. Hinsvegar er sjálfsgagt að skipuleggja hverfið þannig að fallegustu trjáreitirnir fái að halda sér og að þeir falli eðlilega að byggðinni.

Fuglalif utan myrlendis og Bugðu er ekki á neinn hátt frábrugðið eða sérstætt miðað við sambærilega staði á innnesjum og ekki þykir ástæða til sérstakrar verndar þess. Hinsvegar er ítrekað hér mikilvægi gildi votlendis við Bugðu og árinnar sjálfrar fyrir lífríkið til fræðslu og útvistar.

3.4 Vatnsverndarsvæði

Um það bil helmingur svæðisins liggur fyrir innan vatnsverndarsvæðislinu. Svæðið er skilgreint sem fjarsvæði B. Reglugerðir sem gilda sérstaklega um vatnsverndarsvæði eru eftirfarandi:

- Reglur um verndarsvæði vatnsbóla, Nr. 636/12 nóv. 1997.
- Öryggisreglur fyrir verkata og aðra sem eiga erindi inn á vatnsverndarsvæði Reykjavíkur og nágrennis.
- Reglur um neysluvatn, Nr. 319/1995.
- AR 2001-2024 kafli 3.1.15. Vatnsverndarsvæði.

Á skipulagsupprætti eru sýnd mörk vatnsverndarsvæðisins. Nánari skilgreiningar á "fjarsvæði B" ásamt skilmálum sliks svæðis er að finna í samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Reykjavíkur og nágrannabæjarfélaganna, útgefið af umhverfisráðuneytinu 12. nóvember 1997, og í svæðisskipulagi um vatnsvernd staðfest af umhverfisráðherra 5. nóvember 1999.

3.5 Flóðasvæði

Fyrir liggur skýrsla Almennu Verkfræðistofunnar frá 12.2.2002 um mat á flóðhæðum í Bugðu við Norðlingaholt. Mesta sögulega flóð í Elliðaánum er áætlað 200m³/sek og mesta mögulega flóð 1000 m³/sek. Þar af er hluti Bugðu áætlaður 100 m³/sek í mesta sögulega flóði og 400m³/sek í mesta mögulega flóði. Flóðhæð við Norðlingaholt er áætluð 78,5m.y.s. í mesta sögulega flóði og 79,8m.y.s. í mesta mögulega flóði.

Úrdráttur úr skýrslu AV.(Flóð og flóðhæðir ofan Elliðavatns. Feb 2002)

Svæðið milli Rauðhóla og skipulagssvæðisins verður eins og stöðuvatn í flóðum. Flóðhæðin ræðst nær eingöngu af þrengingu sem er við reiðbrúna og þar sem aðalæð Vatnsveitunnar þverar áma. Nákvæmni reikninga sem slíkra ætti að vera nokkuð góð og skekkja varla meiri en (+/-) 0,2m. Það styrkir reikninga nokkuð að í flóðumum miklu 1982 fór vatnshæðin í 78,65my.s. við Klapparholt.

Við skipulagningu svæðisins hefur verið tekið tillit til framangreindrar niðurstöðu. Lágmarkskóti húsa er Kh=79,5 m og lágmarkskóti lóða Kl=78,5m. Flóðalína Bugðu er sýnd á skipulagsupprætti. Miðað er við flóðhæð mesta sögulega flóðs eða 78,5 m.y.s. Aftast í heftinu er flóðaupprættur sýndur.

3.6 Veðurfar

Um veðurfar á svæðinu, má segja að það er frekar milt. Hafgolu gætir litið, úrkoma er talsvert meiri en við ströndina og skilyrði fyrir gróður eru góð. Svæðið er í skjóli af hæðunum í kring fyrir norðanátt, en það liggur aftur á móti opið fyrir suðaustanátt. Um veðurfar almennt á svæðinu er vísað í skýrslu Haralds Ólafssonar.

Greinagerð veðurfræðings.

Í tengslum við deiliskipulagsvinnuna var Haraldur Ólafsson veðurfræðingur fenginn til þess að gera útreikninga á vindáttum sem hafa áhrif á skipulagssvæðið. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Vindur er reiknaður í 200 m möskvum og til samanburðar eru vindmælingar á Sandskeiði frá ágúst 1999 til ársloka 2001. Veðurstöðin á Sandskeiði er við þjóðveginn um 10 km ASA af Norðlingaholti. Reiknaðar eru allar helstu vindáttir frá norðri austur um til suðausturs og einnig vindur af suðvestri.

Þegar strekkingsvindur er reiknaður kemur í ljós að:

- N-átt er fremur hæg. Skilar sér jafnvel sem NNV átt (NNA-átt á Sandskeiði)
- NNA- og NA-átt er fremur hæg og til munu hægari en á Sandskeiði
- ANA-átt er hvöss. Hún skilar sér sem fremur hæg NA átt á Sandskeiði og er ekki mjög tið.
- A-átt er fremur hvöss og tið. Ekki mikil hægari í Norðlingaholti en á Sandskeiði.
- ASA-átt er fremur tið og í hvassara lagi, en þó hægari en á Sandskeiði
- SA-átt er fremur óstöðug, hvöss á köflum og sist hægari en á Sandskeiði.
- SSA- og S-átt er fremur hæg í Norðlingaholti
- SV-átt er tiltölulega hæg í Norðlingaholti og töluvert hægari en á Sandskeiði þar sem hún er hvöss.
- V- og NV-átt er að jafnaði hæg. Mest ber þar á hafgolu á sumardögum.

Þegar óveður er reiknað kemur í ljós að:

- Óvedra er helst að vænta úr SA. Hvassast verður að jafnaði í áttum frá ANA til SA.

Hjálögð kort sjá aftast í heftinu.

Reiknaður vindur af N, NNA, NA, ANA, A, ASA, SA og SV

Tíðni vindáttu á Sandskeiði: a) Heildartíðni, b)-d) tíðni ef vindhraði er yfir 10m/s, 15 m/s og 20 m/s.

3.7 Núverandi byggð

Núverandi byggð í Norðlingaholti hefur yfirbragð sveitar- og sumarhúsabyggðar. Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur hefur gert ítarlega umhverfisúttekt á byggðinni á vatnsverndarsvæðinu. Skýrslan heitir:

Selásblettir og Baldurshagaland

-Byggingar og tilheyrandi lóðir á vatnsverndarsvæði, frá janúar 2002, ásamt

Niðurstöður umhverfisúttektar á Selásblettum og Baldurshagalandi

-frá Mars 2002.

Í skýrslunum kemur fram að ásigkomulag byggðar, roifróa svo og umgengni sé á stórum hluta svæðisins ábótavant. Við skipulagsvinnuna hefur verið gert ráð fyrir að öll húsin á svæðinu, þar sem gert er ráð fyrir blandaðri byggð skv. aðalskipulagi, verði fjarlægð.

3.8 Hljóðvist

Norðlingaholtið afmarkast af Breiðholtsbraut að vestan og Suðurlandsvegi að norðan. Frá Breiðholtsbraut og Suðurlandsvegi verða aðaltengingarnar inn í hverfið. Fyrirhugað er að á komandi árum verði þær tvöfalfaðar til að mæta aukinni umferð. Fyrir liggur að nokkur hávaðamengun er og verður frá þessum stofnbrautum.

Við deiliskipulagsvinnuna hefur sérstaklega verið hugað að þessum þætti, og fyrir liggur úttekt og útreikningar verkfræðistofunnar Linuhönnunar á hljóðvist í fyrirhugaðri byggð, og áhrifum umferðarhávaða frá framangreindum stofnbrautum. Staðsetning atvinnuhúsnæðis meðfram stofnbrautunum gegnir lykilhlutverki í að verja íbúðabyggðina fyrir óæskilegum áhrifum vegna umferðarhávaða.

Niðurstöður úr skýrslu Linuhönnunar (Hljóðvist við Norðlingaholt & Selás).

Við endurskoðun skipulags í febrúar 2003 var reiknað aftur hljóðstig vegna umferðar á helstu umferðargötum umhverfis Norðlingaholt og í hverfinu. Umferðarforsendur eru óbreyttar miðað við fyrri útreikninga. Niðurstöður fyrir hljóðstig eru háðar áætlaðri dreifingu umferðar innan hverfis.

Hljóðstig á lóð við íbúðarhús er allsstaðar undir 55 dB(A) nema við enda á fjölbýllshúsi við Selvað 1-5, næst hringtorgi (Pingtorg) sem tengir Norðlingabraut og Elliðabraut við Breiðholtsbraut. Þar verður hljóðstig við enda hússins í 56 dB(A). Einnig verður hljóðstig á lóð við parhús í syðsta hluta hverfisins með hljóðstig við 55-56 dB(A).

Ef skoðað er hljóðstig við efri hæðir húsa í hverfinu kemur í ljós að fyrir efstu hæðir nokkurra húsa fer hljóðstig upp fyrir 55 dB(A) utan við húsin. Á það við um fjölbýllshúsin sem eru við Elliðabraut. Þetta á einnig við húsin sem standa innan við atvinnuhúsnæðið við Norðlingabraut norðar í hverfinu og við húsin næst Norðlingavaði í norðaustur hluta hverfisins, við gatnamót við Suðurlandsveg.

Við parhúsið má ná réttu hljóðstigi með aðgerðum á lóð, en við fjölbýllshúsin munu verða kvaðir á húsumum sjálfum til að hljóðstig verði innan reglugerðarákvæða.

Tekið skal fram að áðurnefndir hljóðútreikningar eru m.v. framtíðarstofnbrautir og áætlaða umferð árið 2024.

Sjá kvaðir á einstökum lóðum í sérákvæðum.

3.9 Frárennsli

Skólp frá væntanlegri byggð í Norðlingaholti verður tengt inná ræsakerfi borgarinnar í Viðidal. Ofanvatn verður leitt í fyrirhugaða settjörn við Bugðu. Þaðan verður vatninu veitt í Dimmu. Settjörnin eins og hún er sýnd á deiliskipulagsuppdrætti er bráðabirgðastaðsetning. Framtíðarstaðsetning settjarnarinnar verður í landi Kópavogs.

3.10 Áhrif ákomu næringarefna

Vegna nálægðar Norðlingaholts við vatnsvæði er mikilvægt að sem flestir umhverfisþættir áhrifa þéttbýlis á umhverfið séu þekktir. Ákoma næringarefna var skoðað. Til verksins var verkfræðistofan Hönnun fengin til að gera samanburð á ákomu næringarefna miðað við núverandi ástand og eftir að væntanleg byggð við Norðlingaholt rís. Eftirfarandi er stutt samantekt út skýrslunni:

Hönnun hf. hefur metið ákomu næringarefna (köfnunarefnis og fosförs) í Bugðu, Elliðavatni og Elliðaár með aukinni byggð í Norðlingaholti. Þó erfitt geti verið að spá, með einhverri vissu, fyrir um magn næringarefna frá byggð við Norðlingaholt bendir flest til þess að ákomumagn þessara efna aukist ekki frá því sem er í dag. Þessi staðhæfing er byggð á athugunum á níverandi ástandi á svæðinu, reynslutölum frá mælingum, sem meðal annars hafa verið gerðar á ofanvatni sem rennur í Elliðaár frá Breiðholtshverfi, og athugunum okkar á ákomu næringarefna frá Vatnsendahverfi. Með breyttri landnotkun Norðlingaholts þarf ekki að hafa áhyggjur af losun næringarefna í Bugðu / Elliðavatn / Elliðaár. Losum þeirra mun minnka frekar en aukast. Þetta þýðir að:

EKKI ER FYRIRSJÁANLEG NEIN HÆTTA Á UPPSÖFNUN EÐA OFAUÐGUN NÆRINGAREFNA I ELLIÐAVATNI VEGNA AUKNINGU BYGGÐAR Á NORÐLINGAHOLTI.

4 SKIPULAG, MARKMIÐ,

4.1 Meginmarkmið

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er umrætt svæði skilgreint sem blönduð byggð. Á blönduðum svæðum er gert ráð fyrir íbúðarbyggð ásamt tilheyrandi nærbjónustu í bland við fjölbætta atvinnustarfsemi. Á þessum svæðum er þó ekki leyfileg starfsemi sem að jafnaði á heima á athafna- og hafnar- og athafnasvæðum og iðnaðarsvæðum (sbr. kafla 3.1.6, 3.1.7 og 3.1.8 í AR 2001-2024). Saman mynda þessi svæði skipulagslega heild. Gert er ráð fyrir að byggðar verði íbúðir á 40 ha. lands. Um er að ræða íbúðarsvæði sem er afskermað frá stofnbrautum með atvinnusvæði.

Meginþema tillögunnar:

- Að skapa ramma utan um gott mannlif í hverfi, sem er í sátt við umhverfi sitt.
- Stuðla að íbúðarhverfi, sem tekur mið af þörfum samtímans.
- Að mynda vistleg og áhugaverð göturými.
- Gangandi umferð aðskilin akandi umferð.
- Græn svæði tengi allt svæðið saman í miðpunktí við skóla og þjónustu.
- Græn svæði í hverfinu tengist óspilltri náttúru í næsta nágrenni.
- Atvinnusvæði skermi íbúðabyggðina af frá stofnbrautum m.a. vegna hljóðvistar.
- Byggð rísi til norðvesturs og myndi skjól fyrir norðanáttinni.
- Hafa flestar gerðir og stærðir íbúða til að góð blöndun verði í hverfinu og íbúar verði úr öllum þjóðfélagshópum.
- Að tryggja reiðleið frá Viðidal gegnum svæðið, yfir í Rauðhóla og yfir Suðurlandsveg.
- Að sjá fyrir greiðri leið almenningsvagna um hverfið.

4.2 Fjöldi íbúða

Á svæðinu er gert ráð fyrir um 563 – 597 íbúðum. Þær skiptast í grófum dráttum þannig að tæplega þriðjungur (30,3%) íbúðanna verður í sérbýli, tveir þriðjuhlutar (69,7%) íbúðanna verður í fjölbýlishúsum.

4.3 Nálæg byggð – skólar – þjónusta og leiksvæði

Í næsta nágrenni við skipulagssvæðið er Selásshverfi. Það er eina byggðin sem liggar nálægt svæðinu, fyrir utan nokkur sumarhús, við Elliðavatn.

Hverfið verður sjálfstætt skólahverfi, með einum grunnskóla. Í hverfinu er gert ráð fyrir svæði fyrir atvinnustarfsemi. Í hverfinu er gert ráð fyrir svæði undir verslun og þjónustu.

Í hverfinu er gert ráð fyrir leiksvæðum. Svæðið liggar afar vel við stóru útvistarsvæði.

Gert er ráð fyrir tveimur lóðum fyrir leikskóla.

4.4 Gatnakerfi og gangstígar

Stofnbrautir, sem liggja að svæðinu eru Breiðholtsbraut og Suðurlandsvegur. Tengingar liggja frá báðum stofnbrautum inn í hverfið, annars vegar að vestan og hinsvegar að norðaustan.

Húsgötur liggja út frá safngötum. (sjá þemakort) Þar sem gestastæði eru við húsgötur er gert ráð fyrir gróðursetningu á milli bílastæða og sérstökum frágangi á kantsteinum (sjá skipulagsupprátt). Almenningsvögnum er ætlað að aka um safngötur.

Göngustígar í hverfinu tengja saman heimili, skóla, leikskóla og stofnanir. Göngustígatengsl við aðliggjandi umhverfi eru í aðalatriðum þrenn. Í fyrsta lagi eru undirgöng undir Suðurlandsveg til skógræktarsvæðis og Rauðavatns. Í öðru lagi eru undirgöng undir Breiðholtsbraut sem tengir gangandi umferð við Seláshverfið og Rauðhólana. Í þriðja lagi eru fyrirhuguð göngustígatengsl milli Norðlingaholtsins og Seláshverfisins við hringtorg á Breiðholtsbraut.

Auk þess er reiðleið um göng undir Breiðholtsbraut og áfram í átt að Rauðhólum.

Til að tryggja hæga umferð, verður komið fyrir hraðahindrunum við gönguása. Meginþemað í gatnakerfinu er að gangandi umferð er aðskilin frá akandi umferð.

5 SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

5.1 Hönnun mannvirkja

Aðalteikningar sem verða lagðar fyrir skipulags- og byggingarnefnd, skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð og skipulagsskilmála þessa, svo og önnur lög og reglugerðir, sem eiga við byggingu mannvirkja. Við hönnun húsa skal þess gætt að nýta landkosti lóða sem best og fella byggingar að aðstæðum í landslagi á skipulagssvæðinu. Kvöld er um að sérstakir lóðaupprættir fylgi með aðaluppráttum allra fjölbýlis- og keðjuhúsalóða ásamt atvinnu- og stofnanalóða. Samtengd hús og hús innan sömu lóðar skulu teiknuð af sama hönnuði og lögð fyrir skipulags- og byggingarnefnd sem ein heild.

5.2 Mæli- og hæðarblöð

Mæliblöð sýna stærð og afmörkun lóða, byggingarreiti húsa, bílageymslina, fjölda bílastæða og kvaðir, sem eru á lóðinni. Staðsetning lóða og lóðarmarka er í hnítakerfi Reykjavíkurborgar. Á mæliblöðum eru lóðir og byggingarreitir málsettir svo og bindandi byggingarlínur eftir því sem við á. Hæðarblöð sýna hædir mannvirkja Reykjavíkurborgar við lóðamörk. Við lóðarmörk, sem liggja að gótu eru þau merkt G, en sjær gótu eru gefnar upp landhæðir, L. Leiðbeinandi aðkomuhæðir húsa er gefin upp á hæðarblaði (Gk). Einnig er gefin upp mesta hæð húss (þk). Heimilt er að stigahús og lyfta nái upp fyrir þann kóta. Taka ber mið af því að hæð frárennslislagna getur verið bindandi fyrir hæðarsetningu mannvirkis. Þess skal gætt við hæðarsetningu á kjöllurum og bílskýlum að hægt sé að veita frárennslu frá þeim. Þá er sýnd lega heimlagna og tengihliða. Lægsti gólfkóti á svæðinu er 79,5 m.y.s sbr. Flóðaskýrslu.

5.3 Almennir úthlutunarskilmálar

Almennir úthlutunarskilmálar frá Borgarverkfræðingnum í Reykjavík frá 2002 gilda varðandi framkvæmdir á skipulagssvæðinu.

5.4 Aukaibúðir

Aukaibúðir eru ekki leyfðar í sérþýlishúsum á svæðinu og ekki verður heimilt að fylgja ibúðum í einstökum húsum, umfram uppgefinn hámarksfjölda í sérákvæðum.

5.5 Úthlutun – húsagerðir yfirlit

Á skipulagssvæðinu verða eftirfarandi húsagerðir og fjöldi þeirra skiptist þannig:

T2	Tvibýlishús	42 hús alls 84 íbúðir	2 hæðir
P2	Parhús	11 hús alls 22 íbúðir	2 hæðir
F3-05	Fjölbýlishús	3 hús alls 78-87 íbúðir	3 hæðir
F3-06	Fjölbýlishús	1 hús alls 36-42 íbúðir	3 hæðir
F3-07	Fjölbýlishús	1 hús alls 33-36 íbúðir	3 hæðir
F3-08	Fjölbýlishús	10 hús alls 87 íbúðir	3 hæðir
F3-09	Fjölb/punkthús	6 hús alls 36 íbúðir	3 hæðir
F4-01	Fjölbýlishús	4 hús alls 112-128 íbúðir	4 hæðir
R2-02	Raðhús	3 hús alls 9 íbúðir	2 hæðir
K2	Keðjuhús	23 hús alls 23 íbúðir	2 hæðir
E1-01	Einbýlishús	43 hús alls 43 íbúðir	1-2 hæðir
A3-02	Atv- og þjón.húsnaði	3 hús alls 14700 m ²	2-3 hæðir
A3-01	Atvinnuhúsnaði	hús alls 17600m ²	3 hæðir
B1-01	Bensinstöð	1 hús	1 hæð
V2-01	Hverfamiðstöð	1 hús alls 4200 m ²	2 hæðir
S2-01	Grunnskóli	1 hús alls 7000 m ²	2 hæðir
L1-01	Leikskóli	1 hús alls 600 m ²	1 hæð
L1-02	Leikskóli	1 hús alls 600 m ²	1 hæð
Samtals		563-597 íbúðir.	


Hugmyndir um íbúðarskiptingu, sjá fylgiskjal á bls. 29-30.

5.6 Húsagerðir – yfirbragð húsa.

Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því er kemur fram í þessum skilmálum, mæliblöðum, skýringamynnum og deiliskipulagsuppdrætti.

5.7 Byggingarreitir.

Byggingarreitir eru sýndir á mæliblöðum, skilmála- og skýringarteikningum ásamt deiliskipulagsuppdrætti. Neðanjarðar bílageymslur við fjölbýlishús mega fara út fyrir byggingarreit aðkomu megin. Byggingarreitir eru sýndir annars vegar með brotalinum, sem er leiðbeinandi staðsetning veggja og hins vegar með heilli linu, sem táknað bundna byggingarlinu. Byggingar skulu vera innan byggingarreits nema annars sé getið í sérákvæðum. Í skilmálum er gerð nánari grein fyrir húsagerðum og sérákvæðum, sem kunna að gilda fyrir þær.



5.8 Bundin byggingarlína:

Bundin byggingarlína ákvarðar staðsetningu húss á lóð. Hvorki má setja þakskegg né fyrirferðarmikinn þakfrágang út yfir bundna byggingarlínu nema þar sem þakform er frjálst. Þar sem bundin byggingarlína er bogadregin er heimilt að byggja húsin í beinum veggjum sem snerta við boga. Þá skal snertipunktur við bundna byggingarlínu, vera með u.p.b 10-12 metra millibili.

Eftirsandi byggingarhlutar mega ná út fyrir bundna byggingarlínu:

- Anddyri og skyggni yfir anddyri.
- Tröppur.
- Svalir og stigahús.
- Glugga- og hurðafrágangur sem felur í sér útkrögun.

5.9 Bilageymslur:

Byggingarreitir bilageymslna eru sýndir á mæliblöðum. Í skilmálum er gerð nánari grein fyrir gerðum bilageymslna og sérákvæðum, sem kunna að gilda fyrir þær. Óheimilt er að byggja tvöfalta bílskúra nema við einbýlishús. Mörk neðanjarðar bílageymslna eins og sýndir á uppráttum eru leiðbeinandi.

5.10 Frágangur lóða:

Lóðarhafi, sér um framkvæmdir á sinni eigin lóð. Hann ber ábyrgð á því að mannvirki séu staðsett og hæðarsett miðað við samþykkta aðaluppdrætti og uppgefnar hæðartölur. Verði ágreiningur um slikt ber að hlíta úrskurði skipulags-og byggingarnefndar.

Hæðarsetningar lóða skv, hæðarblöðum eru bindandi. Við úrvinnslu lóða skal aðlaga hæðir að uppgefnunum kótum innan lóðarmarka. Óheimilt er að ryðja umframefni út fyrir lóðarmörk. Hædir lóða mega ekki vera lægri en i kóta 78,5 m.y.s samanber flóðaskýrslu.

Skjólveggi og girðingar skal sýna á aðaluppdráttum. Þessi mannvirki mega vera utan við byggingarreiti. Mesta leyfilega hæð skjólveggja er 1,8 m og girðinga er 1,2 m, nema annars sé getið í sérákvæðum. Skjólgirðingar á lóðamörkum eru háðar samþykki beggja lóðarhafa. Að öðru leyti er vísað i byggingarreglugerð. (67 gr. Girðing lóða)

Trjágróður við lóðamörk aðlægra lóða skal ekki vera hærri en 1,8m, nema að um það sé gert sérstakt samkomulag lóðarhafa á milli. Þar sem lóðarmörk liggja að götu, stígum eða opnum svæðum, má trjágróður vera hærri. Að öðru leyti er vísað til ákvæða i byggingarreglugerð (68 gr. Gróður og frágangur lóða).

Við gerð bilastæða á lóðum fjölbýlishúsa skal gróðursetja tré milli þeirra með jöfnu millibili. Samsíða bilastæði skulu ekki vera fleiri en 8 í röð án þess að tré verði gróðursett á milli þeirra (sjá skýringaruppdrátt). Mælt er með birki eða reyni (hæð 1,2-1,5 metrar við gróðursetningu).

Meðan á framkvæmdum stendur er aðgangur verktaka / lóðarhafa að flóðasvæðum og skógarlundi óheimill. Lóðarhafí skal girða umhverfis lóðir er liggja næst ánni Bugðu og skógarlundi á byggingartíma. Losun jarðvegs, úrgangs eða annarra esna er með öllu óheimill. Varðandi áburðargjöf á lóðir er vísað í kafla 5.19. (Hverfisvernd, lið 6).

5.11 Sorp.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphreinsun og notendur og úlit þeirra og staðsetning sem minnst áberandi. Sorpgeymslur skulu sýndar á aðaluppdráttum. Frágangi sorpgeymslna skal lokið skv. ÍST 51. Sorpgeymslu skal staðseiða á lóð eða á 1. hæð hússins. Stærð hennar skal vera í samræmi við gildandi reglur um fjölda sorpísláta og þar skal vera aðstaða til flokkunar á sorpi. Sérstakt gámasvæði til flokkunar sorps er staðsett við innkomu í hverfið frá Breiðholtsbraut.

5.12 Sameiginleg opin svæði.

Í hverfinu eru sameiginleg opin svæði og grenndarvellir. Lögð verður áhersla á að gera þessi svæði sem mest aðlaðandi. Trjá- og runnagróður verður notaður til þess að afmarka stíga og opin svæði. Planta skal trjá- og runnategundum, sem henta þessu markmiði. Meðfram ánni Bugðu er stórt svæði, sem verður haldið ósnortnu. Þar er óheimilt að planta trjágróðri. Þá er og mikilvægt að mýrin og flóðasvæðin verði ekki ræst fram. Svæðið nýtist sem útvistar- og leiksvæði. Umhirða og viðhald þessara svæða verður á vegum Reykjavíkurborgar (sjá kafla 5.19 hverfisvernd).

5.13 Skógarlundur.

Skógarlundur í Norðlingaholti er í "gömlu" skógræktarlandi, (sjá upplrátt).

Í garðinn hafa íbúar hverfisins aðgang sem og aðrir gestir. Í garðinum er byggingareitur sem gerir ráð fyrir þeim möguleika að staðsetja minni byggingu til almenningsnota. Koma skal fyrir bekkjum og öðru sem viðeigandi er til þess að menn geti sest niður og notið garðsins. Frekari útfarsla á útvistarsvæði ásamt þjónustuhúsi verður gerð síðar.

5.14 Stígar og gangstéttar.

Kvöð er um staðsetningu stíga og gangstétt eins og sýnt er á deiliskipulagsupprætti. Stofnstígar á borgarlandi eru sýndir á deiliskipulagsupprætti, í frekari úrvinnslu á deiliútfærslum geta stofnstígar færst litillega. Lega stofnstíga er því leiðbeinandi. Kvöð er um gróðursetningu vegggra (1,5-2,0m á hæð) stakstæðra trjáa meðfram stígum eins og sýnt á deiliskipulagsupprætti c/c 6m. Gróðurinn tryggir skjólmeyndun í komandi tið og gerir umhverfið vistlegra. Meðfram aðalstígum skulu staðsettir bekkir með viðeigandi millibili. Stígar verða raflýstir. Stígar sem sýndir eru á lóðum á deiliskipulagsupprætti skulu kostaðir og viðhaldið af lóðarhöfum. Stígar og gangstéttir á borgarlandi skulu kostaðir og viðhaldið af Reykjavíkurborg.

5.15 Gróðursetning.

Meðfram safngötum er gert ráð fyrir gróðri. Tilgangur gróðursetningarinnar er að mynda aðlaðandi umgjörð hverfisins. Þar sem gestastæði efü við húsagötur er gert ráð fyrir því að stök tré verði gróðursett á milli stæða og sértakur frágangur kantsteins/hellna verði á þeim stöðum. Gróðursetning meðfram stígum, sjá kafla 5.14.

5.16 Sprungur.

Á svæðinu hefur farið fram all ítarleg rannsókn á jarðgrunni á svæðinu. Í næsta nágrenni er þekkt sprungusvæði (Rauðavatn). Á þessu svæði eru vel þekkt sprungukerfi, sem nær frá Reykjanesskaga og norður í Mosfellssveit. Við skipulagningu svæðisins hefur verið tekið tillit til legu sprungna þannig að engar byggingar eru staðsettar á þekktum sprungum.

Við botnúttekt byggingarfulltrúa verður hugað sérstaklega að sprungum í grunni. Þar sem sprungur finnast á byggingarreit, verður fengið álit jarðfræðings og verkfræðings, en byggingarfulltrúi metur hvort ráðlegt sé að byggja á sprungunni enda teljist hún óvirk. Heimili byggingarfulltrúi að byggja á slikri sprungu, verður þess krafist að hús verði hannað með það í huga að þola minni háttar sprunguhreyfingu, t.d. með styrkingu sökkla á malarfyllingu eða öðrum aðgerðum sem reyndir ráðgjafar hanna. Kostnaðarauki sem af þessu hlýst verður á kostnað lóðarhafa.

Í tilvikum þar sem breyta þarf staðsetningu fyrirhugaðrar byggingar eða fella niður byggingarhluta, mun skipulags- og byggingarnefnd skera úr um hvort lóð teljist nothaef eða ekki.

Teljist lóð nothaef að mati skipulags- og byggingarnefndar, enda þótt staðsetning fyrirhugaðrar byggingar breytist, eða mögulegt umfang hennar minnki, ber lóðarhafi kostnað af öllu því sem sprungum fylgir. Kjósi lóðarhafi hinsvegar að skila lóðinni þegar svo stendur á, fær hann (auk gatnagerðargjalds) aðeins endurgreiddan kostnað vegna jarðvegsframkvæmda. Annar útlagður kostnaður, t.d. vegna hönnunar verður ekki endurgreiddur.

Ef hins vegar skipulags- og byggingarnefnd metur lóðina svo, að hún sé ekki byggileg vegna sprungna, mun lóðarúthlutunin falla niður og lóðarhafinn fá (auk gatnagerðargjalds) endurgreiddan sannanlegan kostnað við hönnun og jarðvegsframkvæmdir, þ.m.t. sérstakan kostnað vegna verkfæði- og jarðfædiráðgjafar, sem nauðsynlegt var að leggja í vegna ástands lóðarinna. Frekari kostnaður verður ekki greiddur.

5.17 Hljóðvist.

Byggðin í Norðlingaholti á að vera aðlaðandi fyrir íbúa hverfisins. Til þess að svo sé, er nauðsynlegt að ekki gæti mikillar hljóðmengunar frá umferð. Íbúðarbyggðin er því langt frá stofnbrautunum og atvinnusvæði er staðsett á milli íbúðarbyggðar og stofnbrautanna til þess að draga úr hljóðmengun.

Á meðfylgjandi uppdráttum frá Línuhönnun hf. sem sýnir hljóðvist í hverfinu er einnig uppdráttur sem sýnir hljóðstig á hæðum mismunandi húsa. Hljóðútreikningar þessir eru samkvæmt umferðarspá fyrir árið 2024. Samkvæmt þessari spá fer hljóðstig lítilega yfir viðmiðunarmörk 55dB (A). Nauðsynlegt er að taka tillit til þess við hönnun húsanna. Gera skal grein fyrir hljóðvist á aðaluppdráttum.

5.18 Fornminjar.

Á skipulagsreitnum og utan hans er að finna friðlýstar fornleifar skv. 11 gr. þjóðminjalaga nr. 107/2002. Allar þekktar fornleifar eru á svæði þar sem skipulagi er frestað. Ekkert jarðrask má fara fram innan hins friðlysta svæðis nema að höfðu samráði við Árbæjarsafn og að fengnu leyfi Fornleifaverndar ríkisins sbr. 10 gr. þjóðminjalaga. Fornleifaeftrilit skal hafa samhliða öllu jarðraski á skipulagssvæðinu vegna fornleifa sem þar geta leynst. Bent er á að allar fornleifar þekktar sem óþekktar eru friðaðar skv. 13. og 14 gr. þjóðminjalaga. Skulu framkvæmdaaðilar kynna sér efni framangreindra greina þjóðminjalaga og hafa samráð við Árbæjarsafn um fornleifaeftrilit og framkvæmdir. Gerð hefur verið umsögn af fornleifadeild Árbæjarsafns dags 21.maí 2002 á fornminjum á svæðinu. Samkvæmt fornleifaskrá Reykjavíkur eru eftirfarandi fornminjar á skipulagssvæðinu:

- Nr.47, þingbúðir, Oddagerði.
- Nr.152, bæjarstæði/bæjarhóll, Klapparhóll.
- Nr.153, vegur, Elliðavatnsvegur.
- Nr.165, rúst.
- Nr.166, stríðsminjar.

Fornleifar nr. 47, 152, 153, og 165 eru friðaðar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2002. Um þær gilda ákvæði 9.-14. greinar þjóðminjalaga.


5.19 Hverfisvernd (svæði afmarkað á þemakorti)

Reglur um hverfisvernd svæðisins taki mið af eftirfarandi þáttum:

1. Ekki verði ráðist í neinar framkvæmdir sem breyta flæðilandí árinna umfram það sem deiliskipulagið gerir ráð fyrir.
2. Ekki verði ráðist í neina ræktun á verndarsvæði Bugðu og núverandi gróður þróist áfram á eigin forsendum.
3. Votlendi við ána verði ekki raskað á nokkurn hátt.
4. Gera má útvistarstíga / malarstíga á völdum leiðum um svæðið.
5. Lega malbikaðs stofnistígs skv. deiliskipulagi skal vera sem næst byggðinni.
6. Íbúar hverfisins þurfa að hlíta væntanlegum reglum varðandi umgengni í kringum vatnasvæði Elliðavatns, s.s um takmörkun á áburðargjöf á lóðum.

-Sjá einnig hverfisverndarskilgreiningu svæðisins við Bugðu í AR 2001-2024.

-Stærð hverfisverndarsvæðis sjá þemakort aftast í heftinu.



6 TVÍBÝLISHÚS T2. Lindarvað 1-21, Laekjarvað 1-25.

6.1 Sérákvæði

Markmið:

Þétt byggð með taktföstum hrynjanda í götumynd. Um er að ræða húsagötu með hellulagöri gangstétt til að ná fram hlýlegum blæ og mynda heilsteypt umhverfi. Sérstakur frágangur er á kantsteinum í götunni. Miðað er við að einungis 5 cm hæðarmunur sé á milli gangstéttar og lokafrágangs á malbiki.

Fjöldi húsa og íbúða:

42 hús á tveimur hæðum, samtals 84 íbúðir. Viðmiðunarstærðir íbúða án bílageymslu er 127 m².

Húsagerð:

Röð tveggja hæða húsa með sambyggðri bílageymslu við nágrannahús. Tvær íbúðir eru í hverri tveggja hæða einingu. Húsgerðinni er lýst í þessum texta og á skýringar- og skilmálateikningu. Auk þess sem hér stendur, er vísað til sameiginlegra ákvæða.

Hönnun húsa og lóða:

Samtengd hús skulu hönnuð af sama hönnuði og leggja fyrir skipulags- og byggingarnefnd sem eina heild. Vegna samtengingar bílskúrs við nágrannahús er kvöð um að framkvæmdir fari fram á sama tíma. Girðingar skal hanna um leið og húsin af aðalhönnuði og koma fram á aðaluppdráttum. Skjólgirðingar mega ekki vera hærri en 1,6m. Íbúð neðri hæðar skal hafa afmarkaðan sérnotahlut á lóð við báða gafla, annars vegar frá húsi og að bílastæðum og hins vegar frá húsi og að lóðarmörkum. Efri hæð skal hafa sérnotahlut á lóð (bakvið bílskúr) og á bílskúrsþaki. (sjá skýringar- og skilmálateikningu) Þar sem pláss leyfir er heimilt að hafa tvö bílastæði framan við bílageymslu. Bílastæðin verða þannig á sérnotahluta.

Húshæðir og þök:

Hædir húsa skal miða við gólfkóta aðkomuhæðar (GK). Reikna skal með salarhæð a.m.k. 2,8 m. Þak yfir efstu hæðinni má ekki fara yfir uppgefinn viðmiðunarkóta. (þK 6,0). Þök skulu vera flöt (halli 1:50). Íbúðarhúsið skal vera tvær hædir, þ.e. útveggir séu í fullri lofthæð, sjá sneiðingu á skýringar- og skilmálateikningu. Bílageymsla skal vera einnar hæðar. Heimilt er að koma fyrir skjólgirðingu á þaksvölum, þó skal hæð ekki vera meiri en 1,6 m og krafist er að minnsta kosti þriðjungr (götu-og garðmegin) skjólgirðingar sé gegnsær, t.d. gler.



Bílageymslur og bílastæði:

Lokuð bílageymsla fyrir eina bifreið skal fylgja hverju húsi. Tvö bílastæði skulu vera á lóð fyrir hverja íbúð. Gestastæði eru við götur á borgarlandi. Bílastæði skal helluleggja til að ná fram vistlegum blæ.

Kvaðir:

Kvöð er um aðgengi milli bílageymslu og íbúðarhúss inn í bakgarð. Kvöð er um aðkomu að íbúðum milli bílageymslu og húss.

TÁKN



SNEIDING MKV. 1:500



SKILMÁLATEIKNING AF LÓÐ MKV. 1:500




Deiliskipulag
Norðlingaholt

RAUDHÖLL ehf





T.ark

TEKNISTOFAN ehf. ARHITECTAR
BRAUTARHOLLI 6 105 REYKJAVÍK



DÆMI RÚMMYND




DÆMI RÚMMYND



Deiliskipulag
Norðlingaholt

RAUDHÓLL ehf

T.ark TEKNISTOFAN ehf ARKITEKTAR
BRAUTAHOLT 6 105 REYKJAVÍK



7 FJÖLBÝLISHÚS

7.1 Almenn atriði fyrir F3-05, F3-06, F3-07, F4-01.

Ferjuvað 1-5 og 13-17, Bjallavað 1-5 og 13-17, Selvað 1-11, Sandavað 1-5 og 9-15, Reiðvað 1-7.

Markmið:

